



**Fundargerð
aðalfundar
Heilbrigðiseftirlits
Suðurlands**

haldinn 21. og 22. október 2014
á Kirkjubæjarklaustri

1. Aðalfundarstörf

a) Setning – formaður stjórnar

Gunnar Þorkelsson, formaður, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

b) Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon og Eygló Kristjánsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

c) Kosning kjörbréfanefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar HES að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður

Ísólfur Gylfi Pálmason

Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerðisbær

Rangárþing eystra

Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

d) Skýrsla stjórnar

Gunnar Þorkelsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Ræddu hann um að reynt hafi verið að draga saman í fundarkostnaði eins og hægt er. Haldnir hafa verið 6 fundir á árinu og 8 fundir síðan á síðasta aðalfundi. Mikil samstaða hefur verið innan nefndarinnar.

Verkefni heilbrigðisnefndar eru fjölþætt, eftirlit með að reglugerðum, eftirlit með að hollustuháttum sé framfylgt, leggja til og fara fram á úrbætur ef þörf er á, útgáfa og umsagnir starfsleyfa, loftgæðamælingar og önnur umhverfissvöktun.

Verndarsvæði Þingvallavatns er eitt að því sem HES hefur umsjón með.

Formaður þakkaði Birgi Þórðarsyni fyrir samstarfið en hann lét af störum á árinu.

Að lokum þakkaði hann nefndarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsfólki og starfólki í húsnæði SASS fyrir ánægjulega samvinnu á liðnum árum.

e) Skýrsla framkvæmdastjóra

Sigrún Guðmundsdóttir, heilbrigðisfulltrúi, flutti ársskýrslu HES.

Sigrún flutti kveðju frá Elsu Ingaldsdóttur, framkvæmdastjóra, en hún gat ekki verið viðstödd fundinn.

Sigrún kynnti núverandi stjórn, starfsmenn og uppbyggingu HES.

Hún ræddi um að þó að HES væri rekið af sveitarfélögum þá væri það sjálfstætt starfandi og oft að gera athugasemdir við atriði þar sem sveitarfélögin eiga í hlut. Nú starfa 6 starfsmenn hjá HES í fimm og hálfri stöðu.

Ársskýrsla fyrir árið 2013. Ferðaþjónusta hefur aukist og um leið hefur orðið gríðarlega aukning á útgáfu starfsleyfa fyrir gistiheimili. Fráveitumál voru stór málaflökkur árið 2013 en tekin hafa verið sýni í nokkrum sveitarfélögum. Haldnir hafa verið kynningarfundir um varsvendarsvæði Þingvallavatns og HES sér um loftgæðamælingar í Norðlingaholti og Hveragerði. Árið 2013 fór mæling einu sinni yfir 50 míkrogrömm í Norðlingaholtinu.

Sótt hefur verið um undanþágu fyrir tvö loðdýrabú, annað þeirra hefur verið afgreitt en hitt er í vinnslu. Unnið var að tilraunaverkefni um nýtingu seyru til uppgræðslu og var samvinna við Hrunamannahrepp og Landgræðslu ríkisins. Tókst verkefnið vel og er vonast eftir að framhald geti orðið á nýtingu seyru sem áburðar.

Niðurdæling á H2S á Hellisheiði fellur undir HES og loftgæðamælingar. Gerð var breyting á loftgæðamælingum að beiðni Umhverfisstofnunar vegna gossins í Holuhrauni og mælir það nú SO2 samhliða H2S.

Að lokum þakkaði Sigrún fyrir sína hönd og Elsu, fráfarandi nefnd, starfsmönnum og sveitarstjórnarmönnum fyrir samstarfið.

f) Niðurstaða kjörnefndar um lögmati fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörbrefanefndar, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbrefum. Gild kjörbref eru 53 en alls voru mættir 42 aðalfulltrúar og 3 varamenn. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g) Ársskýrsla 2013

Voru henni gerð skil í skýrslu framkvæmdastjóra fyrir á fundinum.

Skýrslan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

h) Ársreikningur 2009

Sigrún Guðmundsdóttir kynnti ársreikning fyrir árið 2013, þar kom fram að rekstrarhagnaður er tæplega 4 m.kr.

Ársreikningur var borin upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

i) Tillaga að fjárhagsáætlun 2010

Sigrún Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun 2015. Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði um 75 m.kr. og rekstrargjöld um 78,4 m.kr.

Tillaga að fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

j) Tillaga að gjaldskrá

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 3% heildarhækkun.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Oddgeirsson og Sigrún Guðmundsdóttir tóku til máls.

k) Tillaga að breytingu á samþykktum HES

Gunnar Þorgeirsson tók til máls og lagði fram tillögur að breytingum á samþykktum HES.

Tillögunum var vísað til allsherjarnefndar.

l) Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

m) Kosning stjórnar

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, bar upp eftirfarandi tillögur kjörnefndar að stjórn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Aðalmenn:

Svanborg Egilsdóttir, Árborg

Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra

Páll Stefánsson, Ölfusi

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð

Valur Bogason, Vestmannaeyjum

Varamenn:

Ólafur Hafsteinn Jónsson, Árborg

Jóna Björk Jónsdóttir, Skaftafellssýslu

Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði

Margrét Jónsdóttir, Flóahreppi

Sigurhanna Friðþórsdóttir,

Vestmannaeyjum

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Sigrún Guðmundsdóttir þakkaði Gunnari Þorkelssyni, fráfarandi formanni, fyrir störf í Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Fundi var frestað til morguns.

Miðvikudagurinn 22. október

Fundi var framhaldið kl 10:30

Jón S. Valgeirsson fyrir hönd allsherjarnefndar tók til máls um tillögur að breytingum á samþykktum HES

1. Tillaga um breytingar á samþykktum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Fyrir allsherjarnefnd liggja fyrir tillögur um breytingar á samþykktum HES sem lagðar voru fram með skýrslu stjórnar og í fundarboði. Eftirfarandi tillögur eru lagðar fram en viðbætur eru feitletraðar með rauðu í texta en niðurfellingar yfirstrikaðar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, skammstafað HES, er byggðasamlag sveitarfélaga í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 Heimili þess og varnarþing er Austurvegi 65 Selfossi.

1.2

Um fyrirkomulag stjórnar, starfmannna, starfssvæðis og framkvæmd fer skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd Suðurlands sem fer með yfirstjórn HES, ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Nefndin skal vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

2. Um aðalfund og aukaaðalfund

2.1

Aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skal halda fyrir lok októbermánaðar ár hvert á ársþingi SASS.

2.2

Aukaaðalfund skal boða ef þörf krefur að mati heilbrigðisnefndar eða ef þriðjungur aðildarsveitarfélaga krefst þess skriflega. Sömu reglur gilda um þá og reglulega aðalfundi.

2.3

Heilbrigðisnefnd Suðurlands semur dagskrá aðalfundar og skal hún send aðalfundarfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfundinn og skulu aðildarsveitarfélög hafa tilkynnt um fulltrúa á aðalfund fyrir þann tíma. Með aðalfundarboði skal senda tillögu að fjárhagsáætlun næsta árs, endurskoðaða ársreikninga, ársskýrslu Heilbrigðiseftirlitsins, tillögur nefndarinnar og tillögur sem borist hafa frá aðildarsveitarfélögunum.

2.4

Aðalfundur mótar stefnu Heilbrigðiseftirlitsins, að öðru leyti en tilskilið er í lögum. Á aðalfundi er afgreidd skýrsla um liðið starfsár, endurskoðaðir reikningar og tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir næsta ár.

3.1

Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eiga sæti:

- a. Einn fulltrúi fyrir sveitarfélag sem hefur 200 íbúa eða færri
- b. Tveir fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 201 til 500 íbúa
- c. Þrír fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 501 til 1000 íbúa
- d. Sveitarfélag með yfir 1000 íbúa skal auk þess fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað þúsund íbúa
- e. Heilbrigðisnefndarmenn og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétt séu þeir ekki kjörnir fulltrúar
- f. Sveitarstjórnarmönnum, sem ekki eru kjörnir til setu á aðalfundi HES, og starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins er heimilt að sitja aðalfundinn sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og rétt til setu í starfsnefndum þingsins er fjalla um málefni á sviði Heilbrigðiseftirlitsins.

Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. desember næstliðins árs.

4.1

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða-

4.2

Á aðalfundi í kjölfar sveitarstjórnarkosninga skulu 5 kosnir í heilbrigðisnefnd til 4 ára, í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

4.3

Aðalfundur kýs starfsnefndir fundarins og menn í starfsnefndir sem starfa að ákveðnum málefnum milli funda, samkvæmt sérstakri samþykkt aðalfundarins.

4.4

Fundargerðir og fundarsamþykktir aðalfundar skal færa í sérstaka gerðabók og jafnframt gerð grein fyrir öðru því sem gerist á aðalfundi. Fundargerð skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði ef þess er kostur en heimilt er að fela fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerðinni. Setja skal HES sérstök aðalfundarsköp sem aðalfundur þarf að samþykkja.

5.1

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er málsvari HES á milli aðalfunda og fylgir fram samþykktum nefndarfunda og aðalfundar. Heilbrigðisnefndin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál er leggja skal fyrir aðalfund til ákvörðunar. Heilbrigðisnefndin fer jafnframt með yfirstjórn á rekstri HES og ber ábyrgð á að rekstur sé innan þeirra fjárheimilda sem aðalfundur HES hefur samþykkt.

5.3

Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdastjóra til fimm ára, markar starfssvið hans og launakjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning og skal ráðning hans miðuð við áramót. Aðra starfsmenn ræður framkvæmdastjóri. Heimild nefndarinnar þarf að liggja fyrir, ef um fjölgun stöðugilda er að ræða. Um starfskjör starfsmanna HES fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og ráðningarsamnings.

5.6

Heilbrigðisnefnd mótar starfsmanna- og launastefnu fyrir HES. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að starfsmanna- og launastefnu sé fylgt.

8.2

Breyting á samþykktum telst samþykkt, ef hún nýtur stuðnings 2/3 hluta kjörinna fulltrúa á lögmætum aðalfundi.

Allsherjarnefnd leggur þá tillögu fyrir aðalfund HES að fundurinn samþykki ofangreindar breytingar á samþykktum HES eins og þær hafa verið lagðar fram í fundarboði með eftirfarandi breytingum. Í grein 2.1 verði bætt við setningu „á ársþingi SASS“. Síðan verði gein 3.1 breytt þannig að í upphafi hennar verði talað um sveitarstjórnarmenn í stað aðalfulltrúa. Þá verði grein 4.1. samræmd grein 8.2 þannig að úr grein 4.1 falli niður ákvæði um breytingar á samþykktum HES þar sem fjallað er um þau

mál í grein 8.2. Í grein 8.2 verði orðalagi breytt þannig að talað sé um „kjörinna fulltrúa“ í stað þingfulltrúa.

Tillaga að breytingum á samþykktum HES með breytingum voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri sleit fundi.